

Græni trefillinn

Skrifað af: Vefstjóri

Mánudagur, 15. mars 2010 01:51 - Síðast uppfært Mánudagur, 15. mars 2010 13:54

Græni trefillinn

Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði á útmörk sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu. Hann var staðfestur í Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið árið 2002 sem og aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga. Af skog.is og sjá þar nánar.

Samstarf skógræktarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hófst 1992, er forsvarsmenn félaganna komu saman og ákváðu að safna saman gögnum um útivistarstíga á svæðum skógræktarfélaganna. Þau gögn voru þá varðveitt á allskonar teikningum og rissum hjá félögunum. Til verkefnisins voru fengnir landslagsarkitektar hjá Reyni Vilhjálmsyni, síðar Landslagi ehf. Forsvarsmenn félaganna vildu skoða stíganetið heildstætt og hvað bæri í milli að tengja svæðin saman sem mynduðu eina heild ofan höfuðborgarsvæðisins. Þessu heildstæða verki var skilað til viðkomandi bæjaryfirvalda/skipulagsmála og til höfuðstöðva skógræktarfélaganna, þ. e. Skógræktarfélags Íslands.

Oft þarf tíu ár til að tala upp verkefni, en mikilvægur áfangi náðist er **Græni trefillinn** komst á Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2002. Þá vissu fáir hvað Græni trefillinn væri, en nú um áratug síðar kannast flestir við hann.

Skógræktarsvæðin eru útivistarsvæði fyrir allan almenning sem virðir gróður og góða umgengni. Svæðin eru nýtt af ýmsum hópum, hestamönnum, hundaeigendum, hjólreiðafólki og skíðaiðkendum.